## 2008 nr. 48 29. maí

# Lög um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls

**Tóku gildi 6. júní 2008.** *Breytt með:* L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og vinnumarkaðsráðherra** eða **félags- og vinnumarkaðsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

□ Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki [ráðuneytisins][1) og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

1) *L. 126/2011, 479. gr.*

■ **2. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA